



ERINDISBRÉF

Starfshópur um undirbúning lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðaraðili:
Borgarritari

Inngangur:

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar skal hafa að leiðarljósi að auka möguleika íbúa til þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku. Þátttaka íbúa skal hafa það að markmiði að auka tækifæri íbúa til að hafa áhrif á umhverfi sitt, auka sátt um ákvarðanir og stefnu og efla gæði í ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins.

Hlutverk:

Starfshópurinn skal afla nauðsynlegra gagna fyrir gerð lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni:

- Gagnaöflun til undirbúnings gerðar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
- Leita skal fyrirmynda, hérlandis og erlendis, sem líta mætti til við gerð lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
- Leita skal leiða til að virkja þá hópa sem síður hafa nýtt sér möguleika til þátttöku sem staðið hafa til boða.

Starfshópurinn skipa:

- Helga Björg Ragnarsdóttir (formaður), Theódóra Sigurðardóttir og Unnur Margrét Arnardóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar eftir þörfum innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu eða reynslu á viðfangsefni starfshópsins.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili borgarritara vinnu sinni eigi síðar en 31. mars 2016.

Reykjavík 11. mars 2016

Ellý Katrín Guðmundsdóttir